

Verktakar



Húnavatnshreppur auglýsir eftir tilboðum í girðingaviðhald á eftirfarandi svæðum

Svæði 1

Heiðargirðing frá Blöndu að heimalanda-girðingum í Vatnsdal og austurhlið Hrossahólfs.

Svæði 2

Rafmagnsgirðing á milli Auðkúlu- og Grímstunguheiða.

Svæði 3

Áfangagirðing og girðing við Seyðisá. Þvergirðing milli Friðmundarvatna. Rekstrar-gangur, safnhólf við Heygarðsás. Viðhald á öðrum hólfum á Auðkúluheiði sem ekki eru upptalin sérstaklega.

Svæði 4

Heiðargirðing á móti heimalöndum Marðar-núps, Guðrúnarstaða, Vagla, Þórormstungu og Forsæludals, Bótagirðing er inn í svæði 4, þvergirðing á Mosási austur í vestara Frið-mundarvatn. Stefnt er að því að girða allt að 3 km í nýgirðingu á þessu svæði.

Svæði 5

Heiðargirðing á milli heimalanda og Víðidals-fjalls.

Svæði 6

Afréttargirðing sem snýr að Grímstungu og viðhald á hólfum og girðingum sem tilheyra Grímstungu- og Haukagilsheiðum.

Óskað er eftir tilboðum í hvert svæði fyrir sig.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Húnavatnshrepps, Húnavöllum 541 Blönduós eigi síðar en kl 11:00, þriðjudaginn 19. apríl 2022. Óskað er eftir föstu verði í vinnuliði á hvert svæði, sem og í efni og vinnu vegna nýgirðinga á svæði 4. Tilboð skulu send í lokuðu umslagi merkt: **Tilboð í girðingaviðhald**. Tilboð verða þá opnuð og bjóðendum er heimilt að vera viðstaddir. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum, einnig er áskilinn allt að 15 daga frestur til að vinna úr tilboðunum.

Nánari upplýsingar:

Einar Krisján Jónsson sveitarstjóri í síma 455 0010 og 842 5800 og hjá ainar@hunavatnshreppur.is.



Húnavatnshreppur